

# Félags- og tryggingamálaráðuneytið, þriðji geirinn, Samband íslenskra sveitarfélaga og velferðarvaktin

Samráðsdagur um þriðja geirann, 28. 10. 2010

## Niðurstöður vinnuhópa

### Niðurstöður hóps 1

- **Þriðji geirinn á að veita stjórnvöldum aðhald – stjórnvöld að stinga á kýlum**
- Þriðji geirinn þarf að benda stjórnvöldum á hvar skórinn kreppir
- Kerfin þurfa að tala saman; hvaða hópa er verið að ræða um? Samráð og samstarf mikilvægust.
- Það sem byrjaði hjá þriðja geiranum er nú orðið verkefni ríkisins/sveitarfélagsins
- Munurinn á neyðaraðstoð og langtímaaðstoð
- **Upplýsingar**
- Vantar heildstæðar upplýsingar um hvaða aðstoð er í boði – sveitarfélög kynna sér hvað í boði er hjá þriðja geiranum og öfugt og kynna fólki hvað stendur til boða - leiðarvísir
- Þriðji geirinn og ríkið þurfa að hittast reglulega og bera saman bækur
- **Kenna fólki að hjálpa sér sjálft (spn. 1)**
- Sveitarfélög þurfa að leggja meiri áherslu á hjálp til sjálfshjálpar – fólk fær framfærslu í stað ráðgjafar – vantar fleira starfsfólk innan sveitarfélaga
- Þriðji geirinn á að byggja upp fólk og virkja einstaklinginn – gefa fólki tæki og tól til að bjarga sér sjálft
- **Bæta framfærslu (spn. 8)**
- Framfærsla sé skatt- og skerðingarlaus
- **Annað**
- Neyðarsími sem hægt er að hringja eftir aðstoð/mat
- Kort í stað biðraða hjá hjálparstofnunum (skiptar skoðanir)

### Niðurstöður hóps 2

- Eyða biðröðum
- Samhæfing og samræða innan 3. geirans
- Samhæfing og samræða milli 3. geirans og opinberra aðila
  - vinnuhópur; frumkvæði frá 3. geiranum / opinberum aðilum.
- Samræmd löggjöf – ekki henda fólki milli kerfa
- Hækkun framfærsluviðmiða
- Halda fólki í virkni
- Hjálp til sjálfshjálpar
- Vitundarvakning – allir geta lent í þeim aðstæðum að þurfa að leita sér aðstoðar
- Uppbyggilega umræða í samfélaginu – fá fjölmiðla þar með í lið
- 

### Niðurstöður hóps 3

- Samráð og samvinna
- Áhersla á mannréttindi
- Raunhæft framfærsluviðmið, sem farið verður eftir
- Greining á stöðu hópa, sem leita til hjálparstarfs
- Hugarfarsbreyting – viðurkenna fátækt
- Auka ráðgjöf og aðgengi að upplýsingum

- Efla starfsmenn og sjálfboðaliða
- Öll börn hafi sömu tækifæri
- Lækkun og niðurfelling opinbera gjalda til félagasamtaka

#### Niðurstöður hóps 4

- Menntun sjálfbóðaliða
- Samvinna hjálparstofnana sín á milli
- Samvinna hjálparstofnana og opinbera geirans
  - traust, skilningur,
- Nauðsynlegt að hið opinbera geri kröfur til hjálparstofnana, annað væri virðingarleysi
- Nauðsynlegt að hjálparstofnanir geri kröfur til hins opinbera
- Nauðsynlegt að spyrja erfiðra spurninga, er verið að hjálpa fólki út úr vandanum, hversu mörgum hjálpum við út úr röðinni með því sem við gerum
- Mikilvægt að veita hjálp til sjálfshjálpar þannig að það haldi sinni sjálfsvirðingu
- Hið opinbera komi á samráðsvettvangi
- Finna ný verkefni sem sjálfbóðaliðasamtök geti komið á sem bæta úr þörf og gleðja með þokkafullum hætti. Eins og „den rullende kageman“, hálendisferðir með unglinga, spennandi sumardvalir fyrir börn,
- No stories without numbers
- Nauðsynlegt að setja sér markmið með starfinu til að hægt sé að meta árangur

#### Niðurstöður hóps 5

- Setja raunhæft framfærsluviðmið og lægstu laun og bætur taki mið af því. Þannig má uppræta stóran hluta fátæktar.
- Lagfæra strangar reglur um skerðingar á lífeyri o.fl. Því reglurnar halda fólki í fátæktarfjötrum.
- Kallað eftir að opinberir aðilar hjálpi félagasamtökum til að byggja upp sómasamlega aðstöðu. Á móti kom spurning um það hvort setja ætti kröfur á móti.
- Auka upplýsingastreymi/ samstarf í allar áttir milli opinberra aðila og félagasamtaka. Dæmi: Í Noregi hittast þeir sem sinna ýmiss konar hjálparstarfi x 4 á ári til að hafa samráð.

#### Niðurstöður hóps 6

- Samráð og samstarf.
- Kortlagning vandans.
- Þeir sem búa við fátækt séu dregnir að stefnumótun og samráði. Samráð, þátttöku og aðkomu notenda strax. Ekkert um okkur, án okkar.
- Neysluviðmið og framfærsluviðmið.
- Einfaldari reglur og kerfin tali saman.
- Húsnæðismál.
- Upplýsingar um íslenska velferðarkerfið og upplýsingafulltrúi.

